

Miðvikudaginn 6. maí 1992.

Nr. 65/1992.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 3. febrúar 1992, en af ákærvaldsins hálfu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu ákærða, Valentínusar, sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar, en jafnframt þyngingar á refsingu.

Meðákærða í héraði undi héraðsdómi.

Ákærði hefur frá upphafi staðfastlega neitað því að hafa ekið aftur á bak á bifreiðina R-79927, er hann ók frá veitingastaðnum Ölveri í Glæsibæ í Reykjavík að kvöldi 18. maí 1991. Eitt vitni, sem komið hefur fyrir dóm, Jóhann Leví Guðmundsson, ökumaður bifreiðarinnar R-79927, hefur borið um þessa ákeyrslu. Frekari gögn liggja ekki fyrir um þetta, t.d. vettvangsuppráttur eða skýrsla um tjón á bifreiðinni R-79927. Með þetta í huga þykir ekki komin fram nægileg sönnun til að sakfella ákærða fyrir brot gegn 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og verður hann því sýknaður af ákærunni að því leyti.

Skýrslur ákærða um drykkju sína, áfengisáhrif og akstur hafa á hinn bóginn verið mjög á reiki. Í fyrstu skýrslu sinni hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík 19. maí 1991 bar hann, að meðákærða hefði ekið frá fyrrgreindu veitingahúsi, þar sem hann sjálfur hefði verið „nokkuð ölvaður“. Eftir að farþegi í bifreiðinni, Deanna G. Soell, hafði skýrt lögreglunni frá því, að ákærði hefði ekið í fyrstu, viðurkenndi ákærði við skýrslutöku síðar sama dag, að hann hefði ekið bifreiðinni frá veitingahúsinu til Hafnarfjarðar með viðkomu í Breiðholti. Kvaðst hann hafa fundið „lítillga til áfengisáhrifa“ við aksturinn. Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild

lögreglunnar í Reykjavík 26. júlí 1991 neitaði ákærði hins vegar að hafa verið undir áfengisáhrifum, er hann ók greint sinn, en hann kvaðst hafa verið búinn að drekka einn bjór í veitingahúsinu fyrir aksturinn. Við dómsmeðferð málsins neitaði ákærði hins vegar allri áfengisneyslu fyrir aksturinn. Hann staðfesti þó síðastgreinda lög-regluskýrslu.

Fyrsti framburður ákærða er í samræmi við framburð með-ákærðu og vitnisins Jóhanns Levís Guðmundssonar svo og skýrslu Deönnu G. Soell hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík, en ekki var unnt að yfirheyra hana fyrir dómi vegna brottflutnings úr landi. Skýringar ákærða á breyttum framburði eru ekki trúverð-ugar. Þykir því ekki varhugavert að telja sannað, að hann hafi ekið undir áhrifum áfengis greint sinn. Er brot hans réttilega heimfært undir refsíákvæði í hinum áfrýjaða dómi, en af hálfu ákæruvalds var því lýst yfir við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að fallist væri á þá heimfærslu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi. Jafnframt ber að staðfesta ákvæði hans um ökuleyfisviptingu ákærða svo og málskostnaðarákvæði hans.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Staðfest eru ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu og ökuleyfisviptingu ákærða, Valentínusar Guðmundar Baldvins-sonar.

Sakarkostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, að því er ákærða varðar, skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttar-lögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. janúar 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 28. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp

dómur í sakadómsmálinu nr. 44-45/1992: Ákærvaldið gegn X og Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni, sem tekið var til dóms 17. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. nóvember sl., á hendur ákærðu X[...] og Valentínusi Guðmundi Baldvinssyni, Írabakka 2, fæddum 16. mars 1960, fæðingarnúmer 569, báðum í Reykjavík.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 19. maí 1991 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G-26418 svo sem hér greinir:

1. Valentínus Guðmundur svo óvarlega aftur á bak á bifreiðastæði við veitingastaðinn Ölver í Glæsibæ í Reykjavík, að bifreiðin rakst á bifreiðina R-79927, sem þar var kyrrstæð, og þaðan um götur í Reykjavík og inn í Hafnarfjörð að bensínafgreiðslu Esso við Lækjargötu.

2. X, svipt ökuréttindum ævilangt, frá greindri bensínafgreiðslu áleiðis til Keflavíkur og svo óvarlega suður Reykjanesbraut, að bifreiðin lenti út af veginum og valt með þeim afleiðingum, að farþegi í aftursæti bifreiðarinnar, María Sveinsdóttir, fædd 22. september 1959, brotnaði á hryggjarlið.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., brot Valentínusar Guðmundar að auki við 1. mgr. 17. gr. og brot X við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, og brot X að auki við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Laugardagskvöldið 18. maí sl. klukkan 23.54 var tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík, að bifreiðinni G-26418, Súbarú-fólksbifreið, hefði verið bakkad út úr bifreiðastæði vestan við veitingahúsið Ölver í Glæsibæ við Álfheima og utan í kyrrstæðu Nissan-fólksbifreiðina R-79927. Eftir þetta hefði ökumaður bifreiðarinnar G-26418 ekið á brott, enda þótt ökumaður hinnar bifreiðarinnar, Jóhann Leví Guðmundsson, hefði reynt að hafa tal af honum.

Jóhann Leví skýrði lögreglunni svo frá á vettvangi, að bifreið sín hefði verið kyrrstæð á bifreiðastæðinu, þegar hin bifreiðin hefði skyndilega bakkað úr bifreiðastæði og utan í vinstra afturhorn bifreiðar sinnar. Þá hefði hann farið út úr bifreiðinni og opnað farþegahurð hinnar bifreiðarinnar. Þar hefði setið í farþegasæti ljóshærð stúlka. Kvaðst Jóhann Leví hafa bedið ökumanninn að nema staðar og tala við sig, þar sem hann hefði ekið utan í bifreið sína, en hann hefði ekki sinnt því og ekið af vettvangi. Jóhann Leví kvað tvo farþega hafa verið í aftursæti bifreiðarinnar.

Tæpri klukkustund eftir framangreinda tilkynningu til lögreglunnar í Reykjavík, kl. 0.50, aðfaranótt sunnudagsins 19. maí sl. var lögreglunni í Keflavík, Grindavík, Njarðvík og Gullbringusýslu tilkynnt um veltu bifreiðar á Reykjanesbraut skammt austan við Vogaafleggjara. Þar hafði bifreiðin G-26418 verið á leið vestur brautina, og um 2,8 km austan við Vogaafleggjara hafði ökumaðurinn misst vald á bifreiðinni, svo að hún hafði oltið tvær eða þrjár veltur og hafnað á hvolfi norðan við Reykjanesbraut.

Tveir lögreglumenn fóru fyrst á vettvang, en síðar komu aðrir tveir þeim til aðstoðar. Í skýrslu annars þeirra tveggja lögreglumanna, sem fyrst komu á vettvang, segir, að ákærða, X, hafi legið við hlið bifreiðarinnar, og hafði hún sýnilega hlotið einhverja höfuðáverka. Hjá X var Deanna G. Soell, sem ekki virtist slösuð, og var hún að hlúa að ákærðu. Inni í bifreiðinni var María Sveinsdóttir, sem sýnilega hafði eitthvað skorist, en virtist ekki alvarlega slösuð. Við hlið hennar var ákærði Valentinus Guðmundur Baldvinsson, og var hann að hlúa að Maríu, en virtist sjálfur ómeiddur.

Fram kemur í lögregluskýrslunni, að allt fólkið hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis og æst og því lítt viðræðuhæft.

Þau, sem höfðu verið í bifreiðinni, voru flutt með sjúkrabifreiðum í sjúkrahúsið í Keflavík og blóðsýni tekið úr þeim öllum til alkóhólrannsóknar vegna grunar um ölvun við akstur. Athugun á sjúkrahúsinu leiddi í ljós, að ákærði og Deanna voru óslösuð.

Ákærða og María voru að blóðtöku lokinni lagðar inn á sjúkrahúsið, en þær áttu að fara í röntgenmyndatöku vegna meiðsla í baki og hálsi. Ákærði og Deanna voru hins vegar flutt á lögreglustöðina í Keflavík og sett í fangageymslur.

Næsta morgun kl. 8.30 var tekin skýrsla hjá lögreglunni í Keflavík af Sigurði Inga Lúðvíkssyni, Furugrund 16 í Kópavogi, en hann hafði komið að slysstaðnum um nóttina.

Sigurður Ingi skýrði svo frá, að hann hefði komið að bifreiðinni, þar sem hún hafði oltið, en hann hefði verið að koma frá Reykjavík. Sagði Sigurður Ingi, að eitthvert fólk hefði verið þarna, og hefði hann strax farið að bifreiðinni, sem lá á toppnum. Voru þá tvær stúlkur inni í bifreiðinni og önnur föst í öryggisbelti ökumanns. Hin stúlkann var aftur í bifreiðinni. Þá voru fyrir utan bifreiðina karlmaður og stúlka, sem talaði með erlendum hreim. Sigurður Ingi losaði stúlkuna úr beltinu, lagði hana niður og hlúði að henni og breiddi yfir hana teppi. Var stúlkann með meðvitund, og umlaði eitthvað í henni. Ekki gerði Sigurður Ingi sér grein fyrir því, hvort stúlkann, sem hann losaði úr beltinu, væri með áfengisáhrifum, en segir, að hitt fólkið hafi virst vera það, stúlkann í aftursætinu, karlmaðurinn og sú, sem talaði með erlendum hreim.

Sigurður Ingi kvaðst hafa verið hjá stúlkunni, sem hann losaði úr öryggis-

beltinu, alveg fram að því, að lögreglan kom á staðinn. Kvað Sigurður Ingi karlmanninn hafa verið með tóma áfengisflösku, og bjórkollu hefði hann séð við bifreiðina, en ekki varð hann þess var, að fólkið neytti áfengis, á meðan hann var á staðnum.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík stuttu eftir hádegi næsta dag. Kvaðst ákærði vera eigandi bifreiðarinnar, sem kona sín væri skráð fyrir. Hann kvaðst hafa verið farþegi í aftursæti bifreiðarinnar ásamt Maríu Sveinsdóttur, sem hann þekkti, en hinum stúlkunum tveimur hefði hann kynnst kvöldið áður í Ölveri, en þar hefði hann drukkið áfengan bjór. Ákærði sagði, að Deanna hefði ætlað að koma með þeim til Keflavíkurflugvallar í einhvern klúbb, sem hún hefði vitað, að var opinn þar. Hefðu þau staðið frammi fyrir skorti á bílstjóra (sic), en ákærða hefði þá boðist til þess að aka, þar sem hún hefði aðeins drukkið einn eða tvo bjóra í Ölveri. Kvaðst ákærði ekki hafa séð á ákærðu nein merki ölvunar, en sjálfur hefði hann verið orðinn nokkuð ölvaður, og hefði hann ekki áttað sig á, hvort hinar stúlkurnar hefðu verið eitthvað ölvaðar, en á leiðinni suður hefðu hann og María drukkið bjór. Ekki mundi ákærði, hvort Deanna hefði drukkið eitthvað líka, og ekki sá ákærði ákærðu drekka á leiðinni. Hefði henni gengið vel með aksturinn, þar til bifreiðin lenti skyndilega út af veginum. Ekki áttaði ákærði sig á því, hvað olli útafakstrinum, en sagði, að hraðinn hefði ekki verið mikill.

Strax að lokinni yfirheyrslunni yfir ákærða var Deanna G. Soell yfirheyrð af rannsóknardeildinni. Deanna kvað þau öll fjögur hafa verið ölvuð, og hefðu þau hist í Ölveri. Var það hugmynd hennar að fara til Keflavíkur, en það hefði verið ákærða, sem ákvað, að þær færu í umrædda bifreið. Sagði Deanna, að karlmaðurinn í hópnum hefði ekið fyrst og María setið við hlið hans í framsætinu. Sagði Deanna, að karlmaðurinn hefði bakkað á einhvern leigubíl, þegar hann var að fara af stað, en ekið í burtu, þrátt fyrir það að kallað væri í hann. Þetta hefði ekki verið mjög þungt högg.

Deanna sagði, að nokkru áður en bifreiðin fór út af veginum, hefði ákærða tekið við stjórninni. Fór karlmaðurinn þá í aftursætið, en hún sjálf settist í framsætið. Útafaksturinn varð snögglega, og áttaði ákærða sig ekki á því, hvað leiddi til hans. Var Deanna með spennuð bílbelti og einnig ákærða. Taldi Deanna, að ákærða hefði verið ölvuð, og það hefðu þau hin einnig verið.

Þegar skýrsla Deönnu lá fyrir, var ákærði yfirheyrður að nýju og viðurkendi þá, að hann hefði ekið bifreiðinni fyrst í stað, frá Glæsibæ og að bensinstöð Esso við Lækjargötu í Hafnarfirði, en þar hefði hann skipt við ákærðu, sem hefði tekið við akstrinum. Á leiðinni í Hafnarfjörð var komið við í Breiðholti til að sækja áfengan bjór í hús við Yrsufell. Kvaðst ákærði hafa fundið lítilla til áfengisáhrifa við aksturinn, en hann hefði viljað

hætta að aka, er til stóð að drekka meira af bjór. Hefði þá ákærða boðist til þess að taka við akstrinum. Kvaðst ákærði hafa drukkið bæði vodka og bjór á leiðinni frá Hafnarfirði, en ekki mundi ákærði, hversu mikið hann hefði drukkið.

Ákærði sagðist vera viss um, að hann hefði ekki bakkað á neinn bíl við Glæsibæ. Við samprófun ákærða og Deönnu um þetta atriði kvaðst Deanna viss um, að ákærði hefði bakkað á einhverja leigubifreið, og taldi, að hann hefði lent á afturvara hennar, en varla getað valdið skemmdum. Hefði leigubifreiðarstjórinn öskrað á þau, en ákærði ekið sína leið. Ákærði hélt fast við, að hann hefði ekki orðið var við þetta. Ekki gat Deanna full-yrt, hvar ákærði og ákærða skiptu með sér akstrinum, en vera mætti, að það hefði verið í Hafnarfirði.

Ákærða var fyrst yfirheyrð um málið 28. júní sl. og þá hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík. Kvaðst ákærða hafa komið í Ölver um klukkan 23 að kvöldi 18. maí sl. ásamt Deönnu og hefði þá farið að neyta áfengis og drukkið tvö glös af viski, tvöfaldan skammt, blandaðan í vatni. Laust fyrir miðnætti voru þær síðan að bíða eftir leigubifreið, og komu þá til þeirra ákærði og María og buðu þeim í „party“. Söguðu þau, að ákærði væri með bifreið á bifreiðastæði skammt frá. Ók ákærði síðan, og sat María við hlið hans, en þær hinar sátu aftur í bifreiðinni. Þegar ákærði ók af stað, varð ákærða þess vör, að ákærði ók upp á umferðar-eyju, en ekki varð ákærða vör við, að hann lenti í árekstri á bifreiðastæðinu. Var síðan ekið í átt að Álfheimum, en ekki mundi ákærða, hvaða götur var ekið, en skömmu síðar var ákveðið að fara til Keflavíkur, og var ekið um Hafnarfjarðarveg til Hafnarfjarðar. Voru ákærða og Deanna orðnar hræddar í bifreiðinni hjá ákærða vegna aksturslags hans vegna ölvunar. Sagði ákærða, að ákærði hefði beðið sig að taka við stjórninni, er þau voru í Hafnarfirði, og varð ákærða fegin því og ók síðan áfram suður Reykjanesbraut í átt til Keflavíkur. Þegar ákærða tók við akstrinum, settist Deanna í framsætið við hlið ákærðu, en þau hin færðu sig í aftur-sætið.

Ákærða taldi sig hafa ekið í um 15 mínútur, er hún missti bifreiðina út í lausamöl til hægri, en síðan mundi ákærða ekki meira, fyrr en sjúkraliðsmenn voru að reyna að ná henni út úr bifreiðinni, en hún hefði verið föst í beltinu.

Ákærða kvaðst hafa ekið undir leyfðum hraðamörkum á Reykjanesbraut, en hún hefði fundið lítils háttar til áfengisáhrifa við aksturinn. Samt taldi hún sig geta ekið af fullu öryggi. Hún kvaðst ekki hafa neytt áfengis, meðan á akstrinum stóð né eftir að honum lauk. Þegar akstur þessi fór fram, var ákærða svipt ökuleyfi ævilangt frá 2. apríl 1990.

Ákærði var enn yfirheyrður af rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík

26. júlí sl., og ítrekaði hann þá, að hann hefði ekki orðið var við, að hann hefði ekið á bifreið við Ölver. Kvaðst ákærði hafa verið búinn að drekka einn bjór í Ölveri, áður en hann fór af stað, en frá Ölveri hefði verið ekið að Yrsufelli 7, og þar hefði hann fengið áfengi. Síðan ók ákærði að bensínstöð við Reykjanesbraut og Lækjargötu í Hafnarfirði, en þar tók ákærða við akstrinum, og segir ákærði, að hún hafi fullyrt, að hún væri ekki undir áhrifum áfengis.

Ákærða var bent á, að þessi framburður hans stangaðist á við fyrri framburð hans og áðurgreindan framburð ákærðu og Deönnu. Gaf ákærði þá skýringu á hinum breytta framburði, að hann hefði verið vankaður eftir bílveltuna og bjórdrykkjuna, þegar skýrslurnar voru teknar af honum í Keflavík, og þær því vart marktækar. Fullyrti ákærði í lok yfirheyrslunnar, að það væri sannleikurinn, að hann hefði ekki verið ölvaður, þegar hann ók frá Glæsibæ í Hafnarfjörð.

María Sveinsdóttir var yfirheyrð af rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 29. ágúst sl. Kvaðst María hafa verið í Glæsibæ ásamt ákærða, og þegar þau hefðu komið þar, hefði hann ekki verið undir áhrifum áfengis. Í Glæsibæ hefðu þau hitt tvær stúlkur, sem María þekkti ekki, en hún kvaðst hafa verið töluvert drukkin og varð ekki vör við, að ákærði væri að drekka. María sagði, að önnur stúlkan hefði boðið þeim með sér í einhvern klúbb á Keflavíkurflugvelli, og hefði ákærði ekið frá Glæsibæ, fyrst upp í Yrsufell, þar sem hann hefði náð í áfengi, en síðan hefði verið lagt af stað til Keflavíkur. Í Hafnarfirði hefði önnur stúlkan tekið við akstrinum og ekið suður Reykjanesbraut. Varð María ekki vör við, að stúlkan drykki áfengi eða væri undir áhrifum þess. Ákærði settist í aftursætið hjá Maríu, og voru þau í „kelirfi“ allan tímann, þar til bifreiðin valt. Drakk ákærði eitthvað af bjór á meðan. Ekki mundi María eftir veltunni og rankaði við sér á sjúkrahúsinu í Keflavík, illa skorin á nokkrum stöðum og hryggbrotin. Ekki varð María vör við, að ákærði æki á bifreið, þegar hann fór frá Glæsibæ.

Eins og áður er fram komið, var öllum þeim, sem voru í bifreiðinni, þegar hún valt, tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Var ákærðu, X, tekið blóð klukkan 1.40 um nóttina, en ákærða kl. 3.03. Reyndist magn alkóhóls í blóði hennar 1,94‰, en hans 1,40‰.

Í vottorði Konráðs Lúðvíkssonar, lækni á Heilsugæslustöð Suðurnesja, dagsettu 18. október sl., segir svo um áverka Maríu Sveinsdóttur:

„Við komu hingað kom í ljós, að hún var með stóran skurð á höfði, og blæddi töluvert úr honum. Hún kvartaði í fyrstu ekki um neitt, en við nánari athugun reyndist hún vera með verki í baki, en gat þó gengið óstudd. Hún ku vera lyfjaneytandi og nota töluvert af diazepam og efedrin. Við komu hingað var gert að skurði á höfði, og vegna verkjar í baki var tekin

rtg-mynd, sem sýndi samanfallinn 12. hryggjarlið, en aðrir liðir voru eðlilegir. Daginn eftir mun hún hafa kvartað um eymsli í við. Öxl, en yfirgefið sjúkrahúsið nokkru seinna, og höfum við ekki haft nein frekari afskipti af Maríu.“

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna við meðferð málsins.

Ákærða kannast við að hafa aðfaranótt sunnudagsins 19. maí sl. ekið bifreiðinni G-26418 undir áhrifum áfengis og svipt ökuréttindum ævilangt frá bensínafgreiðslu Esso við Lækjargötu í Hafnarfirði áleiðis til Keflavíkur um Reykjanesbraut og þar til bifreiðin lenti út af veginum, þar sem ákærða hafði misst hana út fyrir malbikið og út í lausamöl. Var þetta vegna þess, að ákærða var að horfa í baksýnispegilinn á farþegana aftur í bifreiðinni og gætti því ekki nægrar varkárni við aksturinn.

Ákærða hafði drukkið töluvert af áfengi, áður en hún hóf aksturinn, en ekki neytti hún áfengis, eftir að hún kom í bifreiðina. Ákærða vefengir ekki, að María Sveinsdóttir hafi hlotið brot á hryggjarlið í umræddri veltu.

Ákærða segir, að ákærði, Valentínus Guðmundur, hafi ekið bifreiðinni frá veitingastaðnum Ölveri í Glæsibæ í Reykjavík um götur í Reykjavík og þar til ákærða tók við akstrinum, þar sem hún sá, að ákærði, Valentínus Guðmundur, var ófær um að aka vegna ölvunar að mati ákærðu. Ákærða varð ekki vör við, að ákærði, Valentínus Guðmundur, bakkaði á aðra bifreið við veitingastaðinn, þegar hann var að leggja af stað þaðan.

Ákærði segir sakargiftum ekki rétt lýst í ákæru, og sé hann saklaus af því, sem honum er þar gefið að sök. Ákærði kannast ekki við að hafa ekið aftur á bak á bifreiðina R-79927 við veitingastaðinn Ölver í Glæsibæ í Reykjavík né að hafa ekið undir áhrifum áfengis umrætt sinn frá veitingastaðnum um götur í Reykjavík og síðan að bensínafgreiðslu Esso við Lækjargötu í Hafnarfirði.

Ákærði kveðst kannast við að hafa ekið umrætt sinn bifreiðinni G-26418 frá veitingastaðnum Ölveri í Glæsibæ í Reykjavík um götur í borginni og síðan að bensínafgreiðslu Esso við Lækjargötu í Hafnarfirði. Ákærði kveðst ekki hafa neytt áfengis, áður en hann hóf aksturinn, en við bensínafgreiðsluna hóf hann neyslu áfengis, eftir að hann hefði falið ákærðu, X, akstur bifreiðarinnar, sem ók þaðan áleiðis suður á Keflavíkurflugvöll eða til Keflavíkur. Ákærða, X, sagði ákærða, að hún fyndi ekki til áfengisáhrifa, enda hefði hún aðeins drukkið einn bjór kvöldið áður. Ákærði sá engin áfengisáhrif á ákærðu, X, þegar hún tók við akstrinum. Segir ákærði, að ákærða, X, hafi gengið mjög eftir því að fá að aka bifreiðinni, en hana hafi langað í eitthvert „partý“ suður með sjó.

Ákærði kveðst hafa verið í Ölveri í um klukkustund, þegar hann ók þaðan, og hafi hann ekki neytt neinna veitinga þar.

Áður en lagt var af stað til Hafnarfjarðar, var ekið upp í Breiðholt, og í Yrsufelli hjá kunningja sínum fékk ákærði vodka og bjór. Var um að ræða slatta í tveimur vodkaflöskum og tvær kippur af bjór.

Ákærði þorir ekki að fara með það, hve mikið hann hafi drukkið af því áfengi, sem hann hafði meðferðis, frá því að hann hóf að drekka það og fram til þess, að bifreiðin valt, en hann hafi drukkið eitthvað smávægis af áfengi, eftir að bifreiðin valt og fram til þess, að lögreglumenn handtóku hann.

Ákærði gefur þá skýringu á misræminu á milli skýrslanna frá Keflavík og Reykjavík, að hann hafi verið vankaður, þegar hann gaf fyrri skýrslurnar tvær. Hann telur sig þó hafa lesið þær yfir, áður en hann undirritaði þær. Ákærði segir síðastgefnu skýrsluna rétta.

Vitnið Jóhann Leví Guðmundsson, Hjaltabakka 18 í Reykjavík, kveðst hafa setið í leigubifreið sinni fyrir utan Glæsibæ laust fyrir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 19. maí sl. og beðið þess að fá farþega úr hópi þeirra, sem kæmu út af skemmtistaðnum. Hafði vitnið góða yfirsýn yfir þá, sem komu út úr veitingastaðnum, en vitnið var alveg við tröppurnar, þar sem fólkið kemur upp af veitingastaðnum.

Vitnið sá karlmann og tvær eða þrjár stúlkur koma upp tröppurnar, og gerði önnur stúlkan eða ein þeirra sig líklega til að taka leigubifreið, en þá benti karlmaðurinn á bifreið, sem þarna stóð, og hélt fólkið þangað og inn í bifreiðina. Karlmaðurinn settist í sæti ökumanns, ræsti bifreiðina og ók aftur á bak. Sá vitnið, að bifreiðin stefndi á bifreið vitnisins, og gaf vitnið því í, en samt náði bifreið mannsins að rekast lítillaga í vinstra afturhorn bifreiðar vitnisins. Um leið og vitnið fann höggið, stökk það út úr bifreiðinni og opnaði framdyr farþega megin, en þar sat stúlka, sem sagði við ökumanninn, að hann hefði ekið á vitnið. Við þessi ummæli gaf ökumaðurinn í og ók hratt á brott niður Suðurlandsbraut, og heyrði vitnið hávaðann í bifreið hans góða stund, en útblásturskerfi bifreiðarinnar var í ólagi. Ökumaðurinn svaraði vitninu engu, áður en hann ók á brott.

Vitnið segir, að skemmdir á bifreið þess hafi orðið mjög litlar, og þakkar vitnið það því, að það skyldi víkja frá. Ætlaði vitnið ekkert að gera í málinu vegna skemmdanna.

Vitnið segir, að það telji sig hafa eftir tíu ára reynslu sem leigubifreiðarstjóri góða þekkingu á því, hvenær fólk sé drukkið og ekki drukkið. Með hliðsjón af þessari reynslu fannst vitninu allt fólkið og þá einnig karlmaðurinn vera undir áhrifum áfengis, þegar það kom út af veitingastaðnum. Þessu til viðbótar segir vitnið, að það hafi ekki enn í dag séð ódrukkið fólk koma út af umræddum veitingastað. Loks ályktar vitnið af framkomu ökumannsins eftir áreksturinn, þ.e. hraðakstri hans á brott, að hann hafi

verið drukkinn. Vitnið ályktaði það af fasi umrædds manns, að hann væri undir áhrifum áfengis, en getur ekki útskýrt þetta frekar.

Vitnið Sigurður Ingi Lúðvíksson, Furugrund 16 í Kópavogi, kveðst hafa verið að koma frá Reykjavík og verið á leið til Keflavíkur stuttu eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 19. maí sl. Var vitnið í bifreið sinni og kom þar að rétt austan við Vogaafleggjara, þar sem bifreið var á hvolfi utan vegar. Vitnið sá fólk við bifreiðina og fór strax að henni. Þegar það kom að bifreiðinni, voru tvær stúlkur inni í henni, önnur aftur í, en hin frammi í, og var hún í sæti ökumanns og föst í öryggisbelti. Fyrir utan bifreiðina voru karlaður og stúlka, sem talaði með erlendum hreim. Vitninu virtist karlaðurinn undir áhrifum áfengis, og rétti hann að vitninu flösku og bað vitnið að opna hana. Var um vodkaflösku að ræða. Þegar vitnið tók við flöskunni, var enginn tappi í henni og hún tóm. Bað vitnið því manninn að gleyma þessu. Vitnið fór fljótlega á brott, eftir að það hafði náð stúlkunni út úr bifreiðinni. Vitnið kveðst ekki hafa séð önnur ílát undan áfengi en framangreinda flösku og eina tóma bjórdós í eða við bifreiðina.

Vitnið María Sveinsdóttir, Írabakka 4 í Reykjavík, kveðst hafa verið í Glæsibæ að kvöldi laugardagsins 18. maí sl. og þar í fylgd ákærða, Valentínusar Guðmundar. Vitnið drakk þarna mikið áfengi og man ekki mikið eftir því, þegar það fór af veitingastaðnum. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki verið undir áhrifum áfengis á veitingastaðnum, og ekki getur vitnið fullyrt, að ákærði hafi neytt þar áfengis. Vitnið drakk bjór, en getur ekki borið um, hvað ákærði drakk.

Vitnið man ekki, þegar þau hittu tvær stúlkur, sem síðar urðu farþegar í bifreið ákærða. Getur vitnið ekki borið um, hvort þau hittu þær inni á veitingastaðnum eða fyrir utan hann. Vitnið getur ekki borið um það, hvort þessar stúlkur voru undir áhrifum áfengis eða ekki.

Vitnið segir, að önnur stúlnanna hafi boðið þeim í klúbb suður á Keflavíkurflugvelli. Ákærði var ekki fús til að fara þangað, og var fyrst ekið um Reykjavík, áður en ákvörðun var tekin um að halda suður á Keflavíkurflugvöll, en ekið var frá Glæsibæ í bifreið ákærða, sem hann ók sjálfur þaðan. Vitnið sat í farþegasæti frammi í bifreiðinni, þegar ekið var frá Glæsibæ. Vitnið man ekki eftir því, að maður hafi opnað dyrnar hjá því, þegar verið var að leggja af stað, og kvartað um, að ekið hefði verið á bifreið sína, og ekki varð vitnið vart við neinn árekstur, þegar verið var að leggja af stað.

Vitnið segir vegna framburðar vitnisins Jóhanns Levís um samtal þess við farþega í bifreið ákærða, að það muni ekki eftir þessu.

Vitnið segir, að ákærði hafi hætt akstrinum einhvers staðar í Hafnarfirði, og tók þá önnur stúlnanna við akstrinum og ók, þar til bifreiðin valt á

Reykjanesbraut. Þegar stúlkan tók við akstrinum, fór vitnið ásamt ákærða aftur í bifreiðina, og þar voru þau, þegar bifreiðin valt.

Vitnið kveðst ekki vita, hvort stúlkan, sem tók við akstrinum, var undir áhrifum áfengis eða ekki.

Vitnið segir ástæðuna til þess, að skipt var um ökumann, að ákærði hafi viljað „detta í það“, eftir að hann var búinn að samþykkja, að ekið yrði til Keflavíkur. Áður hafði verið sótt áfengi í Yrsufell.

Vitnið segir framburð ákærðu, X, um ástæðu þess, að hún tók við akstrinum, rangan.

Vitnið heldur, að bæði vín og bjór hafi verið í bifreiðinni. Vitnið segir, að ákærði hafi neytt áfengis í bifreiðinni, og telur, að hann hafi drukkið vín, ef það hafi verið meðferðis. Ekki getur vitnið borið um það, hversu mikið áfengi ákærði drakk í bifreiðinni. Vitnið telur líklegt, að bjór hafi verið í bifreiðinni, þegar ekið var frá Glæsibæ, en ekki drakk ákærði af honum. Þá varð vitnið ekki vart við, að ákærða drykki bjór í bifreiðinni.

Vitnið missti meðvitund við veltuna og getur ekkert borið um það, sem eftir það gerðist á slysstað.

Vitnið hefur ekki jafnað sig af meiðslum sínum, sem það hlaut við slysið, og er það veikt í baki. Hefur vitnið það eftir lækni, að það verði aldrei jafngott.

Samkvæmt upplýsingum, sem dómurinn hefur fengið, fluttist vitnið Deanna G. Soell til Bandaríkjanna um miðjan nóvember sl. og er ekki væntanlegt til landsins á næstunni, svo að vitað sé. Verjandi ákærða, Valentínusar Guðmundar, hefur ekki séð ástæðu til þess að fresta meðferð málsins, þótt ekki náist til vitnisins.

Niðurstöður.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, að ákærði hefur ekið bifreiðinni R-26418 frá veitingastaðnum Ölveri í Glæsibæ í Reykjavík um götur í Reykjavík og þaðan að bensínafgreiðslu Esso við Lækjargötu og Reykjanesbraut í Hafnarfirði. Í ákærunni segir, að akstur þessi hafi orðið aðfaranótt sunnudagsins 19. maí sl., en tilkynning til lögreglunnar um áreksturinn við Ölver kom til hennar kl. 23.54 að kvöldi laugardagsins 18. maí sl. Er því ljóst, að aksturinn hófst það kvöld, en ekki um nóttina. Þessi ónákvæmni í ákærunni hefur þó ekki áhrif á niðurstöðu málsins, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála.

Með framburði vitnisins Jóhanns Leví, sem kallaði til lögreglu, og framburði vitnisins Deönnu hjá lögreglu er sannað þrátt fyrir framburð ákærða og vitnisins Maríu, sem sat við hlið hans, og ákærðu, sem báðar voru ölváðar að eigin sögn, þegar lagt var af stað, að ákærði hefur ekið óvarlega

aftur á bak umrætt sinn með þeim afleiðingum, að bifreiðin G-26418 lenti lítilliga á afturhorni bifreiðarinnar R-79927, svo að af hlutust óverulegar skemmdir. Þar sem áreksturinn varð aðeins óverulegur, þykir vegna ölvunarástands vitnisins Maríu og ákærðu ekki unnt að treysta því, að ekki hafi orðið árekstur, þótt þær yrðu hans ekki varar. Er þessi háttsemi ákærða brot á 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Ákærði viðurkenndi, eins og fram er komið, sunnudaginn 19. maí sl. í tveimur yfirheyrslum hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Þessa viðurkenningu sína tók ákærði aftur, eins og áður greinir, í yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík rúmum tveimur mánuðum síðar og heldur fast við þann framburð við meðferð málsins. Í yfirheyrslunni hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík viðurkenndi ákærði að hafa drukkið einn bjór í Ölveri, en við meðferð málsins kveðst hann engra veitinga hafa neytt í Ölveri.

Vitnið María kveðst ekki hafa séð, að ákærði neytti áfengis fyrir aksturinn eða væri undir áhrifum þess eða neytti þess við hann. Þetta vitni kveðst hafa verið mjög drukkið og framburður þess um ástand ákærða því óáreiðanlegur. Ákærða ber hins vegar, að ákærði hafi verið drukinn, og á sama veg er framburður Deönnu G. Soell hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík. Þá hnígur framburður vitnisins Jóhanns Leví að því, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar hann hóf aksturinn.

Eins og fram er komið, viðurkenndi ákærði tvívegis í yfirheyrslum daginn eftir umræddan atburð, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Þessi framburður ákærða er í samræmi við framburð ákærðu, vitnisins Deönnu, sem ekki hefur tekist að fá fyrir dóminn, og framburð vitnisins Jóhanns Leví. Er það mat dómsins, að ekki sé marktækur síðari framburður ákærða þess efnis, að hann hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, enda skýring hans á hinum breytta framburði afar ótrúverðug.

Þegar framangreint er virt í heild svo og með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar er sannað, að ákærði hefur ekið umrætt sinn undir áhrifum áfengis, eins og áður er nánar rakið. Þó er ekki loku fyrir það skotið, að ákærði hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Þykir brot ákærða því varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknar og annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærða hefur gerst sek um ölvunar- og réttindaleysisakstur þann, sem um ræðir í síðari kafla ákæru, og varðar það við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Ógætni sú, sem leiddi til veltu bifreiðarinnar og meiðsla vitnisins Maríu, er sönnuð með játningu ákærðu og öðru, sem fram

er komið, og er brot á 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga og 219. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu.

Ákærða hefur þrívégis áður hlotið refsingu fyrir ölvun við akstur. Fyrst gekkst hún með dómsátt í Reykjavík 12. júní 1985 undir að greiða 10.000 króna sekt og var svipt ökuleyfi í tólf mánuði. Næst gekkst hún með dómsátt í Reykjavík 22. desember 1989 undir að greiða 40.000 króna sekt og var svipt ökuleyfi í tvö ár. Loks var ákærða dæmd í 30 daga varðhald og 15.000 króna sekt í Reykjavík 20. apríl 1990. Jafnframt var hún dæmd fyrir að aka svipt ökuleyfi. Var ákærða svipt ökuleyfi ævilangt frá 20. apríl 1990.

Ákærði hefur á tímabilinu frá 25. júlí 1978 til 6. júlí 1991 gengist tíu sinnum með dómsátt undir sektargreiðslur, þrívégis vegna ölvunar á almannafæri, tvívégis fyrir önnur áfengislagabrot, tvívégis fyrir réttindaleysi við akstur, tvívégis fyrir brot á hegningarlögum og einu sinni fyrir ölvun við akstur, þ.e. 28. ágúst 1989, og var þá sviptur ökuleyfi í tólf mánuði frá 30. mars 1989. Þá var ákærði tvívégis á árinu 1981 dæmdur til sektargreiðslu og ökuleyfisvippingar fyrir ölvun við akstur og í fyrra skiptið einnig í 30 daga skilorðsbundið varðhald, en þá var hann einnig sakfelldur fyrir nytjastuld. Á árinu 1986 var ákærði dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Refsingar.

Ákærðu verður báðum ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af þessu og sakaferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt, sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Ökuleyfisvipping.

Ákærðu hafa bæði unnið sér til þess að verða svipt ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæru, og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir.

Ákærða er þegar svipt ökuleyfi ævilangt, eins og fram er komið. Þykir rétt að áréttu, að svo skuli vera áfram.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í tvö ár frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ákærði hefur ekki verið sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 142. gr. laga nr. 74, 1974, til þess að greiða allan sakarkostnað. Skal ákærði, Valentínus Guðmundur, greiða

skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærða, X, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði, Valentínus Guðmundur Baldvinsson, greiði 60.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 20 daga í stað sektarinnar.

Ákærða, X, skal vera svipt ökuleyfi ævilangt.

Ákærði, Valentínus Guðmundur, er sviptur ökuleyfi í tvö ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði, Valentínus Guðmundur, greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.
